

AUGLÝSING
um landbúnaðarsamning við Líbanon.

Landbúnaðarsamningur milli Íslands og Líbanons, sem gerður var í Montreaux 24. júní 2004, öðlaðist gildi 1. janúar 2007.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 17. maí 2024.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**LANDBÚNAÐARSAMNINGUR
milli Líbanons og Íslands.**

1. gr.

Þessi samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Líbanons og Íslands er gerður með vísan til fríverslunarsamnings Líbanons og EFTA-ríkjanna, sem var undirritaður í Montreux 24. júní 2004, einkum skv. 2. mgr. 4. gr. þess samnings.

2. gr.

Líbanon skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir sem eru upprunnar á Íslandi eins og tilgreint er í 1. viðauka við þennan samning. Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir sem eru upprunnar í Líbanon eins og tilgreint er í 2. viðauka við þennan samning.

3. gr.

Upprunareglurnar og ákvæðin um samvinnu á sviði tollamála, sem gilda í þessum samningi, eru settar fram í 3. viðauka við hann.

4. gr.

Samningsaðilar skulu taka til skoðunar öll vandkvæði sem kunna að koma upp í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og leita viðeigandi lausnar.

5. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram þeirri viðleitni að auka enn frekar frelsi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir á grundvelli landbúnaðarstefnu hvors um sig.

6. gr.

Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað gildir milli samningsaðilanna.

7. gr.

Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna gildir milli samningsaðilanna.

8. gr.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.
2. Samningur þessi öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningur Líbanons og EFTA-ríkjanna.

9. gr.

Samningur þessi gildir svo lengi sem samningsaðilarnir eru aðilar að fríverslunarsamningi Líbanons og EFTA-ríkjanna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Montreux 24. júní 2004 í tvíriti á ensku.

1. VIÐAUKI

| Vöruliður | Líbanskt ST-númer | Vörulýsing | Tollalækkun |
|-------------|-------------------|---|-------------|
| úr 1. kafla | | Lifandi dýr | |
| úr 01.01* | | Lifandi hestar | 100% |
| úr 2. kafla | | Kjöt og ætir hlutar af dýrum | |
| úr 02.04* | | Kindakjöt, nýtt, kælt eða fryst | 100% |
| úr 02.05* | | Kjöt af hrossum, nýtt, kælt eða fryst | 100% |
| úr 02.10 | | Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig finmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum: | |
| | 02.10.90* | - Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig finmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum: | 100% |
| úr 5. kafla | | Vörur úr dýraríkinu, ót.a. | |
| 05.05** | | Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og dúnn, ekki frekar unnið en hreinsað, sótthreinsað eða varið skemmdum; duft og úrgangur af fjöðrum eða fjaðrahlutum. | 100% |
| 05.11* | | Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. eða 3. kafla, óhæf til manneldis. | 100% |

* Prósentulækkun á núgildandi tollum frá og með 1. mars 2008 og meðferð sem er ekki óhagstæðari en Evrópubandalagið nýtur.

** Tollfrjálst frá og með 1. mars 2008.

2. VIÐAUKI

| Vöruliður | Íslenskt ST-númer | Vörulýsing | Tollur Líbanons |
|-------------|-------------------|---|-----------------|
| úr 4. kafla | | Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrlegt hunang; ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a. | |
| 0409 | | Náttúrlegt hunang | Tollfrjálst |
| 5. kafli | | Vörur úr dýraríkinu, ót.a. | Tollfrjálst |
| úr 7. kafla | | Matjurtir og tiltekna rætur og hnýði | |
| úr 0703 | | Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar: | |
| | 0703.10 | – Laukur og skalottlaukur, nýr eða kældur | Tollfrjálst |
| | 0703.20 | – Hvítlaukur, nýr eða kældur | Tollfrjálst |
| 0708 | | Belgávextir, með eða án hýðis, nýr eða kældir | Tollfrjálst |
| úr 0709 | | Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar | |
| | 0709.10 | Jarðartískokka, ný eða kæld | Tollfrjálst |
| | 0709.20 | Spergill, nýr eða kældur | Tollfrjálst |
| | 0709.52 | Tröfllur, nýjar eða kældar | Tollfrjálst |
| | 0709.70 | Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrimblaðka (garðspínat), nýtt eða kælt | Tollfrjálst |
| | 0709.9003 | Ólífur | Tollfrjálst |
| úr 0710 | | Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar | |
| | 0710.21 | Ertur, frystar | Tollfrjálst |
| | 0710.22 | Belgaldin, fryst | Tollfrjálst |
| | 0710.29 | Belgávextir, frystir, ót.a. | Tollfrjálst |
| | 0710.40 | Sykurmaís, frystur | Tollfrjálst |
| úr 0711 | | Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvúldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis | |
| | 0711.10 | Laukur, varinn skemmdum til bráðabirgða en óhæfur í því ástandi til manneldis | Tollfrjálst |
| | 0711.20 | Ólífur | Tollfrjálst |
| 0713 | | Þurrkaðir belgávextir, afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir | Tollfrjálst |

| Vöruliður | Íslenskt ST-númer | Vörulýsing | Tollur Líbanons |
|--------------|-------------------|--|-----------------|
| 8. kafli | | Ætíð ávextir og hnetur; hýði af sítrusávöxtum eða melónum | Tollfrjálst |
| 9. kafli | | Kaffi, te, maté og krydd | Tollfrjálst |
| úr 10. kafla | | Korn | |
| | | Annað en dýrafóður | Tollfrjálst |
| úr 11. kafla | | Malaðar vörur; malt; sterkja; inúlín; hveitiglúten | |
| úr 1101 | | Hveiti eða meslínmjöl, fín malað | |
| | | Annað en dýrafóður | Tollfrjálst |
| úr 1102 | | Mjöl úr korni, fín malað, annað en úr hveiti eða meslíni | |
| | | Annað en dýrafóður | Tollfrjálst |
| úr 1103 | | Klíðislaust korn, mjöl og kögglar | |
| | | Annað en dýrafóður | Tollfrjálst |
| úr 1104 | | Korn unnið á annan hátt (t.d. afhýtt, valsað, flagað, perlað, sneitt eða kurlað), þó ekki rís í nr. 1006; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flagaðir eða malaðir | |
| | | Annað en dýrafóður | Tollfrjálst |
| úr 1106 | | Mjöl, fin- eða grófmalað, og duft úr þurrkuðum belgávöxtum í nr. 0713, úr sagó eða rótum eða hnýðum í nr. 0714 eða úr vörum í 8. kafla | |
| | | Annað en dýrafóður | Tollfrjálst |
| 1107 | | Malt, einnig brennt | Tollfrjálst |
| úr 1108 | | Sterkja; inúlín: | |
| | 1108.11 | Hveitisterkja | Tollfrjálst |
| | 1108.12 | Máissterkja | Tollfrjálst |
| | 1108.14 | Maníókasterkja (cassava) | Tollfrjálst |
| | 1108.19 | Önnur sterkja | Tollfrjálst |
| | 1108.20 | Inúlín | Tollfrjálst |
| 1109 | | Hveitiglúten, einnig þurrkað | Tollfrjálst |
| úr 12. kafla | | Olíufræ og olíurík aldin; ýmiss konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóður | |
| 1201 | | Sojabaunir, einnig sundurskornar | Tollfrjálst |
| 1202 | | Jarðhnetur, ekki steiktar eða soðnar á annan hátt, einnig afhýddar eða sundurskornar: | Tollfrjálst |

| Vöruliður | Íslenskt ST-númer | Vörulýsing | Tollur Líbanons |
|--------------|-------------------|--|-----------------|
| 1203 | | Kópra | Tollfrjálst |
| 1204 | | Línfræ, einnig sundurskorið | Tollfrjálst |
| 1205 | | Repju- eða kolsafræ, einnig sundurskorin | Tollfrjálst |
| 1206 | | Sólblómafræ, einnig sundurskorið | Tollfrjálst |
| 1207 | | Önnur olíufræ og olíurík aldin, einnig sundurskorin | Tollfrjálst |
| 1208 | | Mjöl, fin- eða grófmalað, úr olíufræjum eða olíuríkum aldinum, þó ekki mustarði | Tollfrjálst |
| 1209 | | Fræ, aldin og sporar til sáningar | Tollfrjálst |
| 1210 | | Humall, nýr eða þurrkaður, einnig mulinn, sem duft eða kögglar; humalmjöl (lúpulín) | Tollfrjálst |
| 1211 | | Plöntur eða plöntuhlutar (þar með talin fræ og aldin) sem aðallega er notað í ilmvörur, lyf eða til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, sveppum eða þess háttar, nýtt eða þurrkað, einnig sneitt, mulið eða sem duft | Tollfrjálst |
| 1212 | | Fuglatrésbaunir (Jóhannesarbrauð), sjávargróður og aðrir þörungar, sykurrófur og sykurreyr, nýtt, kælt, fryst eða þurrkað, einnig mulið; aldinsteinar og -kjarnar og aðrar vörur úr jurtaríkinu (þar með taldar óbrenndar sikoriurætur af afbrigðinu Cichorium intybus sativum) sem aðallega er notað til manneldis, ót.a. | Tollfrjálst |
| 1214 | | Fóðurnæpur, beðjur, fóðurrófur, hey, refasmári (alfalfa), smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfedmingsgras og áþekkar fóðurvörur, einnig í kögglum | Tollfrjálst |
| 13. kafli | | Kvoðulakk; gúmkvoður og resín og aðrir jurtasafar og jurtakjarnar | Tollfrjálst |
| 14. kafli | | Fléttiefni úr jurtaríkinu; vörur úr jurtaríkinu, ót.a. | Tollfrjálst |
| úr 15. kafla | | Feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu og klofningsefni þeirra; unnin matarfeiti; vax úr dýra- eða jurtaríkinu | |
| 1509 | | Ólífuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt | Tollfrjálst |
| 1510 | | Aðrar olíur og þættir þeirra, unnið eingöngu úr ólífum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt, þar með taldar blöndur þessara olía eða þátta og olía og þátta í nr. 1509 | Tollfrjálst |
| 1515 | | Önnur órokgjörn jurtafeiti og -olía (þar með talin jójóbaolía) og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt | Tollfrjálst |

| Vöruliður | Íslenskt ST-númer | Vörulýsing | Tollur Líbanons |
|--------------|-------------------|--|-----------------|
| úr 17. kafla | | Sykur og sætindi | |
| 1701 | | Reyr- eða rófusykur og kemískt hreinn súkrósi, í föstu formi | Tollfrjálst |
| 1702 | | Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursiróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi; karamel | Tollfrjálst |
| úr 1703 | | Melassi unninn með kjörnun eða hreinsun sykurs | |
| | | Annað en dýraföður | Tollfrjálst |
| úr 18. kafla | | Kakaó og framleiðsla úr kakaói | |
| 1801 | | Kakaóbaunir, heilar eða muldar, hráar eða brenndar | Tollfrjálst |
| 1802 | | Kakaóskurn, kakaóhýði, kakaóskæni og annar kakaóúrgangur | Tollfrjálst |
| 1803 | | Kakaódeig, einnig fitusneytt | Tollfrjálst |
| 1804 | | Kakaósmjör, kakaófeiti og kakaóolía | Tollfrjálst |
| 1805 | | Kakaóduft, án viðbættis sykurs eða annarra sætuefna | Tollfrjálst |
| úr 20. kafla | | Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum | |
| 2007 | | Sulta, ávaxtahlauþ, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, fengið með suðu, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni | Tollfrjálst |
| 2008 | | Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða áfengi, ót.a. | Tollfrjálst |
| 2009 | | Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbættis áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni | Tollfrjálst |
| úr 22. kafla | | Drykkjarvörur, áfengir vökvar og edik | |
| 2201 | | Vatn, þar með talið náttúrulegt eða gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt; ís og snjór | Tollfrjálst |

3. VIÐAUKI Upprunareglur.

1. gr.

Skilgreiningar.

Skilgreiningarnar í 1. gr. bókunar B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Líbanons gilda að því er þennan viðauka varðar. Vísun til „EFTA-ríkjanna“ í þeim telst vera vísun til Íslands í þessum viðauka.

2. gr.

Upprunaviðmiðanir.

- Að því er þennan samning um landbúnaðarafurðir varðar skal framleiðsluvara talin upprunnin á Íslandi eða í Líbanon ef hún:
 - er að öllu leyti fengin þar í skilningi 4. gr.,
 - hefur fengið nægilega aðvinnslu í skilningi 5. gr., eða
 - er framleidd eingöngu úr efnum sem eru upprunnin í landi hlutaðeigandi samningsaðila í samræmi við þennan viðauka.
- Skilyrðum um öflun upprunaréttinda, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal fullnægja ósliðið á Íslandi eða í Líbanon eftir því sem við á.

3. gr.

Tvíhliða uppsöfnun upprunaréttinda.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu efni, sem eru upprunnin hjá hinum samningsaðilanum í skilningi þessa viðauka, teljast upprunnin hjá þeim samningsaðila og þurfa efnin ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu á yfirráðasvæði þess samningsaðila, enda hafi efnin fengið aðvinnslu umfram það sem tilgreint er í 6. gr.

4. gr.

Að öllu leyti heimafengnar vörur.

Að því er varðar a-lið 1. mgr. 2. gr. skulu eftirfarandi vörur taldar að öllu leyti fengnar á Íslandi eða í Líbanon:

- vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar,
- lifandi dýr sem þar eru borin og alin,
- afurðir lifandi dýra sem þar eru alin,
- veiðibrað og fiskafurðir sem þar er aflað með veiðum,
- úrgangur og rusl sem þar fellur til við framleiðslustarfsemi,
- vörur sem þar eru framleiddar, eingöngu úr þeim framleiðsluvörum, sem tilgreindar eru í a-til e-lið, eða efnum, unnum úr þeim, hvar sem er í framleiðsluferlinu.

5. gr.

Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu.

- Að því er varðar b-lið 1. mgr. 2. gr. skal framleiðsluvara, sem er ekki að öllu leyti fengin á Íslandi eða í Líbanon, teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu á Íslandi eða í Líbanon, eftir því sem við á, hafi skilyrðum um þá framleiðsluvöru í viðbætinum verið fullnægt. Skilyrði þau, sem um getur í þessari málsgrein, kveða á um, að því er varðar allar framleiðsluvörur sem falla undir þennan samning, aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð og gilda þau einungis um slík efni.
- Þrátt fyrir 1. mgr. skal efni, sem ekki telst upprunaefni, ekki notað við framleiðslu vöru samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í viðbætinum, nema því aðeins að:
 - heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar,
 - við beitingu þessarar málsgreinar sé ekki farið yfir neina af þeim hundraðshlutatölum sem eru tilgreindar í viðbætinum sem hámarksverðmæti efna sem eru ekki upprunaefni.
- Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 6. gr.

6. gr.

Ófullnægjandi aðvinnsla.

Ákvæði um ófullnægjandi aðvinnslu, sem eru í 7. gr. bókunar B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Líbanons, gilda. Vísun til „EFTA-ríkjanna“ í þeim telst vera vísun til Íslands í þessum viðauka.

7. gr.

Skilgreiningareining.

Tollflokkun tiltekinnar framleiðsluvöru eða efnis skal ákveðin samkvæmt samræmdu tollskránni að því er þennan viðauka varðar.

8. gr.

Innri og ytri umbúðir.

Þegar uppruni framleiðsluvöru er ákvarðaður í samræmi við 4. og 5. gr. skal líta fram hjá ytri og innri umbúðum sem eru utan um framleiðsluvöruna við flutning eða sendingu.

9. gr.

Atriði sem hafa ekki áhrif.

Ákvæði um atriði, sem hafa ekki áhrif í 11. gr. bókunar B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Líbanons, gilda.

10. gr.

Beinn flutningur.

Ákvæði um beinan flutning, sem eru í 13. gr. bókunar B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Líbanons, gilda. Vísun til „EFTA-ríkjanna“ í þeim telst vera vísun til Íslands í þessum viðauka.

11. gr.

Sönnun á uppruna.

Ákvæði um sönnun á uppruna, sem eru í V. bálki bókunar B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Líbanons, gilda. Vísun til „EFTA-ríkjanna“ í þeim telst vera vísun til Íslands í þessum viðauka.

12. gr.

Fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

Ákvæði um fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda, sem eru í VI. bálki bókunar B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Líbanons, gilda. Vísun til „EFTA-ríkjanna“ í þeim telst vera vísun til Íslands í þessum viðauka.

Viðbætur við 3. Viðauka.

Skrá yfir framleiðsluvörur sem um getur í 1. mgr. 5. gr.*Inngangsskýring*

Ákvæði um inngangsskýringar í 1. viðbæti við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Líbanons gilda um þennan viðauka. Vísun til „EFTA-ríkjanna“ í þeim telst vera vísun til Íslands í þessum viðbæti.

| ST-númer | Vörulýsing | Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi |
|-------------|------------------------------|---|
| (1) | (2) | (3) |
| 1. kafli | Lifandi dýr | Framleiðsla þar sem öll efni í 1. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimafengin að öllu leyti |
| úr 2. kafla | Kjöt og ætir hlutar af dýrum | Framleiðsla þar sem öll efni í 1. og 2. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimafengin að öllu leyti |
| 0210 | Kjöt, saltað og þurrkað | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran |

| ST-númer | Vörulýsing | Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi |
|--------------|---|--|
| (1) | (2) | (3) |
| 4. kafli | Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrulegt hunang; ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a. | Framleiðsla þar sem öll efni í 4. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti |
| úr 5. kafla | Vörur úr dýraríkinu, ót.a., þó ekki: | Framleiðsla þar sem öll efni í 5. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti |
| úr 0502 | Burstir eða hár af grísum, alisvínunum eða villisvínunum | Hreinsun, sótthreinsun, flokkun og sléttun bursta og hára |
| 6. kafli | Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts | Framleiðsla þar sem öll efni í 6. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti |
| 7. kafli | Matjurtir og tiltekna rætur og hnýði | Framleiðsla þar sem öll efni í 7. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti |
| 8. kafli | Ætir ávextir og hnetur; hýði af sítrúsávöxtum eða melónum | Framleiðsla þar sem öll efni í 8. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti |
| úr 9. kafla | Kaffi, te, maté og krydd, þó ekki: | Framleiðsla þar sem öll efni í 9. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti |
| 0901 | Kaffi, einnig brennt eða koffeínsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki sem inniheldur eitthvað af kaffi | Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er |
| 0902 | Te, einnig bragðbætt | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| 0906.20 | Ávextir af ættinni Capsicum eða af ættinni Pimenta, þurrkaðir, pressaðir eða malaðir | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| úr 0910 | Blöndur af kryddi | Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er |
| 10. kafli | Korn | Framleiðsla þar sem öll efni í 10. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti |
| úr 11. kafla | Malaðar vörur; malt; sterkja; inúlín; hveitiglúten, þó ekki: | Framleiðsla: – þar sem allar matjurtir, rætur og hnýði í nr. 0714 eða ávextir, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti, og – allt korn, sem notað er, flokkast undir annan kafla en framleiðsluvaran |
| 1106.10 | Mjöl, fin- eða grófmalað, og duft úr þurrkuðum belgávöxtum í nr. 0713 | Þurrkun og mólun belgávaxta í nr. 0708 |
| 1106.20 | Mjöl, fin- eða grófmalað, og duft úr sagó eða rötum eða hnýðum í nr. 0714 | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir annan kafla en framleiðsluvaran |
| 1108 | Sterkja; inúlín | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir annan kafla en framleiðsluvaran |
| 1109 | Hveitiglúten, einnig þurrkað | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir annan kafla en framleiðsluvaran |
| úr 12. kafla | Olíufræ og olíurík aldin; ýmiss konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóður | Framleiðsla þar sem öll efni í 12. kafla, sem notuð eru, verða að vera heimaefngin að öllu leyti |
| 1208 | Mjöl, fin- eða grófmalað, úr olíufræjum eða olíuríkum aldinum, þó ekki mustarði | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran |
| 1301 | Kvoðulakk; náttúrulegar gúmkvoður; resín, gúmmiharpíxar og oleóresín (t.d. balsöm) | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna í nr. 1301, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| 1302 | Jurtasafar og jurtakjamar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu: – Jurtaslím og hleypiefni, umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu, – Annað | Framleiðsla úr jurtaslími og þykkingarefnum sem hefur ekki verið umbreytt Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði |

| ST-númer | Vörulýsing | Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi |
|------------------|---|--|
| (1) | (2) | (3) |
| 14. kafli | Fléttiefni úr jurtaríkinu; vörur úr jurtaríkinu, ót.a. | Framleiðsla þar sem öll efni í 14. kafli, sem notuð eru, verða að vera heimafengin að öllu leyti |
| úr 15. kafli | Feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu og klofningsefni þeirra; unnin matarfeiti; vax úr dýra- eða jurtaríkinu; þó ekki: | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran |
| úr 1507 til 1515 | Jurtaolía og þættir hennar: <ul style="list-style-type: none"> – Sojabauna-, jarðhnetu-, pálma-, kókoshnetu-, pálmakjarna-, babassú-, tung- og oiticicaolía, myrtuvax og japanskt vax, þættir jójóbaolíu og olíur til tækni- og iðnaðarnota annarra en framleiðsla matvæla til manneldis – Þættir í föstu formi, þó ekki þættir jójóbaolíu – Annað | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran Framleiðsla úr öðrum efnunum í nr. 1507 til 1515 Framleiðsla þar sem öll jurtaefni, sem notuð eru, verða að vera heimafengin að öllu leyti |
| 1507 to 1515 | Hreinsuð olía | Framleiðsla úr hráolíu í nr. 1507 til 1515 |
| 1515.30 | Laxerolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| 1515.40 | Tungolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| 1515.50 | Sesamolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir annan kafli en framleiðsluvaran |
| 1515.90 | Önnur órokkgjörn jurtafeiti og -olía (þar með talin jójóbaolía) og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| úr 17. kafli | Sykur og sætindi; þó ekki: | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran |
| úr 1701 | Reyr- eða rófusykur og kemískt hreinn súkrósi, í föstu formi, með bragðefnum eða litarefnum | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna í 17. kafli, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| 1702 | Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel: <ul style="list-style-type: none"> – Kemískt hreinn maltósi og frúktósi – Annar sykur, í föstu formi, með bragðefnum eða litarefnum – Annað | Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, einnig öðrum efnunum í nr. 1702 Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna í 17. kafli, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar Framleiðsla úr efnunum sem verða öll að vera upprunavörur |
| úr 1703 | Melassi unninn með kjörnun eða hreinsun sykurs, með bragðefnum eða litarefnum | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna í 17. kafli, sem notuð eru, er ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| 18.kafli | Kakaó og framleiðsla úr kakaói | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran |
| úr 20. kafli | Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum; þó ekki: | Framleiðsla þar sem allir ávextir, hnetur eða matjurtir, sem notuð eru, verða að vera heimafengin að öllu leyti |
| 2007 | Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, fengið með suðu, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran |

| ST-númer | Vörulýsing | Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi |
|-----------|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| úr 2008 | Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a.; þó ekki: | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir annan kafla en framleiðsluvaran |
| 2008.92 | Blöndur | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, er ekki yfir 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| úr 2009 | Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbættis áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; þó ekki: | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir annan kafla en framleiðsluvaran |
| 2009.90 | Safablöndur | Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, er ekki yfir 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar |
| 22. kafli | Drykkjarvörur, áfengir vökvar og edik | Framleiðsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir annan kafla en framleiðsluvaran |

**Agricultural Agreement
between Lebanon and Iceland**

ARTICLE 1

This Agreement concerning trade in agricultural products between Lebanon and Iceland is concluded further to the Free Trade Agreement between Lebanon and the EFTA States, which was signed on..., and in particular pursuant to paragraph 2 of Article 4 of that Agreement.

ARTICLE 2

Lebanon shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Annex 1 to this Agreement. Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Lebanon as specified in Annex 2 to this Agreement.

ARTICLE 3

The rules of origin and provisions on co-operation in customs matters applying to this Agreement are set out in Annex 3 hereto.

ARTICLE 4

The Parties shall examine any difficulties that might arise in their trade in agricultural products and shall endeavour to seek appropriate solutions.

ARTICLE 5

The Parties undertake to continue their efforts with a view to achieving further liberalization of their agricultural trade, within the framework of their respective agricultural policies.

ARTICLE 6

The *WTO Agreement on Agriculture* shall apply between the Parties.

ARTICLE 7

The *WTO Agreement on Application of Sanitary and Phytosanitary Measures* shall apply between the Parties.

ARTICLE 8

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval.
2. This Agreement shall enter into force on the same date as the Free Trade Agreement between Lebanon and the EFTA States.

ARTICLE 9

This Agreement shall remain in force as long as the Parties to it remain Parties to the Free Trade Agreement between Lebanon and the EFTA States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Montreux, this 24th day of June 2004 in one original copy in the English language.

Annex 1

| Heading No. | Lebanese H.S. Code | Description of products | Tariff reduction |
|---------------------|--------------------|---|------------------|
| ex Chapter 1 | | Live animals | |
| ex 01.01* | | Live horses | 100% |
| ex Chapter 2 | | Meat and edible meat offal | |
| ex 02.04* | | Meat of sheep , fresh, chilled or frozen. | 100% |
